

Borgarstjórn Reykjavíkur

7. febrúar 2023

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um foreldrastyrk

Borgarstjórn samþykkir að greiða foreldrastyrk að fjárhæð 200.000 kr. mánaðarlega til þeirra foreldra sem annað hvort þurfa eða kjósa að vera heima með börnin sín að fæðingarorlofi loknu, frá 12 mánaða aldri til allt að tveggja ára aldurs.

Greinargerð:

Inngangur

Í nýliðnum borgarstjórnarkosningum fullyrtu meirihlutflokkarnir í borgarstjórn að öllum 12 mánaða börnum yrðu tryggð leikskólalátt strax í haust. Við loforðið var ekki unnt að standa og sitja nú tæplega þúsund börn enn föst á biðlistum eftir leikskólalátt í Reykjavík. Það er mikilvægt að mæta þörfum þeirra fjölskyldna sem ekki hafa fengið þá þjónustu sem þau höfðu réttmætar væntingar til að njóta.

Meðalaldurinn lækkar ekki

Í umfjöllun Viðskiptablaðsins síðastliðið vor kom fram að jafnvel þó markmið Reykjavíkurborgar um fjölgun leikskólarýma um 1.680 á næstu þremur árum myndu nást, myndi samt vanta 1.775 leikskólalátt í árslok 2026 væri miðað við nýlega spá Bygðastofnunar um fjölda barna á aldrinum 1-5 ára í höfuðborginni. Spáin gerði ráð fyrir 10.160 börnum á leikskólaaldri í árslok 2026, sem samsvarar rúmlega 37% fjölgun frá árinu 2021, en miðað við áætlanir Reykjavíkurborgar verða einungis 8.385 leikskólalátt á þeim tímapunkti.

Í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg þann 13. janúar sl. sagði: „Átak í innvistarmálum og flókin staða í ráðningamálum hefur leitt til þess að meðalaldur barna sem fá plátt í leikskólum Reykjavíkurborgar hefur ekki lækkað eins mikið og vonir stóðu til um [...]. Í lok árs 2022 var meðalaldur barna sem hófu leikskólagöngu í Reykjavík 18,4 mánuðir.“ Þess var þó ekki getið að ef meðalaldur barna við innritun í borgarrekna leikskóla er skoðaður eingöngu, að frátöldum sjálfstætt starfandi leikskólum, þá reynist meðalaldurinn vera nærri 20 mánuðum.

Fjölbreyttar lausnir

Það er mikilvægt að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Ríkið hefur brugðist við því ákalli með lengingu fæðingarorlofs en Reykjavíkurborg hefur ekki tekist að sinna sínu hlutverki – að tryggja leikskólalátt strax í kjölfar orlofs. Það er mikilvægt að mæta stöðunni með fjölbreyttum lausnum enda þarfir fjölskyldna fjölbreytilegar. Vinna þarf að lausnum á borð við fjölgun leikskólarýma, eflingu dagforeldrastéttar, stuðningi við einkaframtak í leikskólamálum og loks styrkjum til þeirra sem kjósa (eða þurfa) að dvelja lengur heima með börnum sínum. Þannig hafa fjölskyldur úr ólíkum kostum að velja.

Niðurlag

Sá valkostur að þjóða foreldrastyrk að fjárhæð 200.000 kr. mánaðarlega til þeirra foreldra sem annað hvort þurfa eða kjósa að vera heima með börnin sín að fæðingarorlofi loknu, frá 12 mánaða aldri til allt að tveggja ára aldurs, er ein leið til að mæta þörfum fjölskyldufólks í Reykjavík. Fjölskyldur hafa ólíkar þarfir og þeim þarf að mæta með fjölbreyttum lausnum. Einhverjum þætti

valkosturinn eftirsóknarverður og myndu kjósa að nýta hann svo lengja megi orlofstímann. Aðrir myndu nýta styrkinn til að bæta að hluta það tjón sem hlýst af því að komast ekki aftur á vinnumarkað í kjölfar fæðingarorlofs vegna skorts á leikskólarýmum.